

Nd. 623. Frumvarp til umferðarlaga. [119. mál]

(Eftir 3. umr. í Ed., 17. febr.)

Samhljóða þskj. 597 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Akbraut:

Sá hluti vegar, sem ætlaður er fyrir umferð ökutækja.

Akrein:

Hver og ein af samhliða reinum, sem akbraut er skipt í að endilöngu með merkjum eða er nægilega breið fyrir umferð bifreiða í einni röð.

Áspungi:

Pungi, sem flyst á veg af hjólum á einum ás ökutækis.

Bifhjól:

Vélknúid ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á tveimur hjólum eða á þremur hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd. Sem bifhjól telst einnig bifhjól á tveimur hjólum með hliðarvagni.

Bifreið:

- a. Vélknúid ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á fjórum hjólum eða fleiri eða á þremur hjólum og 400 kg að eigin þyngd eða meira og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klst. eða aka má svo hratt án verulegra breytinga.
- b. Vélknúid ökutæki, sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klst.
- c. Vélknúid ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búid beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er 400 kg að eigin þyngd eða meira.

Dráttarvél:

Vélknúid ökutæki, sem aðallega er hannað til að draga annað ökutæki og draga, ýta, flytja og knýja vinnutæki og er á hjólum og/eða beltum.

Eftirvagn:

Ökutæki, sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga.

Eigin þyngd:

Þyngd ökutækis, sem tilbúid er til notkunar, að meðtöldum búnaði, sem því fylgir að jafnaði, eldsneyti, smurolfu, kælivatni, varahjóli, verkfærum o.þ.h.

Gangbraut:

Sérstaklega merktur hluti vegar, sem ætlaður er gangandi vegfarendum til að komast yfir akbraut.

Gangstétt:

Sá hluti vegar til hliðar við akbraut, sem aðallega er ætlaður gangandi vegfarendum.

Heildarþyngd:

Þyngd ökutækis með ökumanni, farþegum, farmi og viðfestum vinnutækjum. Leyfð heildarþyngd ökutækis er sú heildarþyngd, sem leyfð er við skráningu þess.

Hliðarvagn:

Ökutæki á einu hjóli, sem tengt er við hlið bifhjóls á tveimur hjólum og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga.

Lagning ökutækis:

Staða ökutækis, með eða án ökumanns, lengur en þarf til að hleypa farþegum inn eða út, lesta það eða losa.

Létt bifhjól:

Bifhjól með aflvél eigi stærri en 2,5 hestöfl (DIN) og ekki yfir 50 rúmsentimetrar að slagrúmmáli, sem eigi er hannað til hraðari aksturs en 50 km á klst. og verður einungis ekið hraðar með verulegri breytingu.

Reiðhjól:

Ökutæki, sem knúið er áfram með stig- eða sveifarbúnaði og eigi er eingöngu ætlað til leiks. Sem reiðhjól telst einnig vélknúinn hjólastóll, sem eigi er hannaður til hraðari aksturs en 15 km á klst. og verður einungis ekið hraðar með verulegri breytingu.

Stór fólksbifreið:

Bifreið, sem ætluð er til flutnings fleiri en átta farþega, einnig þótt bifreiðin sé jafnframt ætluð til annarra nota.

Tengitæki:

Ökutæki, sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og er ekki eftirvagn. Enn fremur hjólhýsi og tjaldvagn.

Torfærutæki:

Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til dráttar, ýmist ætlað til aksturs á vegum jafnt sem vegleysum eða aðallega á vegleysum og er á tveimur, þremur eða fjórum hjólum og er innan við 400 kg að eigin þyngd.

Vegamót:

Þar sem vegir mætast eða skerast eða vegur greinist.

Vegfarandi:

Hver sem fer um veg eða er staddur á vegi eða í ökutæki á vegi.

Vegur:

Vegur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar.

Vélknúið ökutæki:

Ökutæki búið aflvél til að knýja það áfram.

Vélsleði:

Vélknúíð ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeðum/stýrihjólum og er innan við 400 kg að eigin þyngd.

Vinnuvél:

- a. Vélknúíð ökutæki, sem aðallega er ætlað til sérstakra verka, er búið áfestum tækjum eða vélum og er á hjólum og/eða beltum.
- b. Vélknúíð ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga eða til að draga annað ökutæki og er á hjólum og eigi er hannað til hraðari aksturs en 30 km á klst., þó eigi bifhjól.
- c. Vélknúíð ökutæki, sem stjórnað er af gangandi manni.

Þéttbýli:

Svæði afmarkað með sérstökum merkjum, sem tákna þéttbýli.

Ökutæki:

Tæki á hjólum, beltum, völtum, meðum eða öðru, sem ætlað er til aksturs á landi og eigi rennur á spori.

32. gr. hljóðar svo:

Við akstur bifreiðar skulu lögboðin ljós vera tendruð allan sólarhringinn frá 1. september til 30. apríl, en frá 1. maí til 31. ágúst skulu þau vera tendruð á tímanum frá hálfri klukkustund eftir sólarlag og til hálftrar klukkustundar fyrir sólarupprás.

Við akstur annarra ökutækja skulu lögboðin ljós vera tendruð á tímanum frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálftrar klukkustundar fyrir sólarupprás. Þá skulu lögboðin ljós bifreiða og annarra ökutækja vera tendruð á öðrum tíma í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum eða ella þegar birta er ófullnægjandi vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, hvort heldur er til að ökumaður sjái nægilega vel fram á veginn eða til að aðrir vegfarendur sjái ökutækið. Ökutæki, sem eigi skulu búið ljósum, skulu þá merkt samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Nota skal háan ljósgeisla, þegar sjónsvið ökumanns nægir ella ekki til að aka örugglega miðað við ökuhraða.

Háan ljósgeisla má eigi nota:

- a. þegar ekið er um nægilega vel lýstan veg,
- b. þegar ekið er á móti öðru ökutæki, þannig að valdið geti ökumanni þess glýju, eða
- c. þegar ekið er svo skammt á eftir öðru ökutæki, að valdið geti ökumanni þess óþægindum.

Nota skal lágan ljósgeisla, þegar ekki er skylt eða heimilt að nota háan ljósgeisla.

Pokuljós má einungis nota í þoku eða þétttri úrkomu og geta þá komið í stað lágs ljósgeisla. Hjálparljós má eigi nota til annars en þau eru ætluð.

Ljós má eigi nota þannig að valdið geti öðrum vegfarendum glýju.

Eigi má nota annan ljósabúnað eða glitmerki en boðið er eða heimilað í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um varúðarmerki fyrir reiðmenn og hesta.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um notkun ljósa og ljósabúnað bifreiða.

VI. kafli hljóðar svo:

SÉRREGLUR FYRIR REIÐHJÓL, BIFHJÓL OG TORFÆRUTÆKI

Reiðhjól.

39. gr.

Hjólreiðamenn skulu hjóla í einfaldri röð. Þar sem nægilegt rými er mega tveir þó hjóla samhliða, ef það er unnt án hættu eða óþæginda. Ef gefið er merki um framúrakstur mega hjólreiðamenn eigi hjóla samhliða, nema aðstæður leyfi eða nauðsyn krefji.

Hjólreiðamaður skal hjóla hægra megin á akrein þeirri, sem lengst er til hægri. Akreinina við hlið hennar má þó nota til framúraksturs, ef eigi er unnt að fara fram úr hægra megin.

Hjólreiðamaður, sem nálgast vegamót og ætlar að fara beint áfram eða beygja til vinstri, má vera áfram hægra megin á vegi. Ætli hann til vinstri skal hann fara beint áfram yfir vegamótin og beygja þá fyrst, þegar það er unnt án óþæginda fyrir aðra umferð. Gildir þetta þrátt fyrir umferðarmerki eða önnur merki, nema þau séu sérstaklega ætluð hjólreiðamönnum.

Heimilt er að hjóla á gangstétt og gangstíg, enda valdi það ekki gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum. Hjólreiðamaður á gangstétt eða gangstíg skal víkja fyrir gangandi vegfarendum.

Hjólreiðamaður skal að jafnaði hafa fætur á fótstigum og a.m.k. aðra hönd á stýri.

Hjólreiðamaður má ekki hanga í öðru ökutæki á ferð eða halda sér í ökumann eða farþega annars ökutækis.

Læsa skal reiðhjóli, sem lagt er, nema því sé lagt um stutta stund, og ganga þannig frá því, að eigi stafi hætta eða truflun af.

40. gr.

Barn yngra en 7 ára má eigi hjóla á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti manns sem náð hefur 15 ára aldri.

Eigi má reiða farþega á reiðhjóli. Þó má vanur hjólreiðamaður, sem náð hefur 15 ára aldri, reiða barn yngra en 7 ára, enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um búið að því stafi eigi hætta af hjólteinunum.

Eigi má flytja á reiðhjóli þyngri hluti eða fyrirferðarmeiri en svo að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á reiðhjólinu og gefið viðeigandi merki. Eigi má heldur flytja á reiðhjóli hluti, sem valdið geta öðrum vegfarendum óþægindum.

Bifhjól og torfæruhjól.

41. gr.

Bifhjóli má eigi aka samhliða öðru ökutæki.

Bifhjóli má eigi aka á gangstétt eða gangstíg, nema svo sem um ræðir í 2. mgr. 26. gr.

Við akstur bifhjóls eða torfærutækis skulu lögboðin ljós jafnan vera tendruð.

Á bifhjóli og hliðarvagni þess má eigi flytja fleiri farþega en ökutækið er ætlað til. Farþegi á bifhjóli skal sitja klovvega.

Torfæruhjóli má ekki aka í þéttbýli eða á stofnbrautum utan þéttbýlis.

42. gr.

Ökumaður létts bifhjóls skal hafa báða fætur á fótstigum eða fóthvílum og að jafnaði báðar hendur á stýri.

Ökumaður létts bifhjóls má eigi hanga í öðru ökutæki á ferð eða halda sér í ökumann eða farþega annars ökutækis.

Eigi má reiða farþega á léttu bifhjóli.

Að öðru leyti gilda ákvæði 41. gr. um létt bifhjól.

55. gr. hljóðar svo:

**Stjórnendur dráttarvéla, vinnuvéla, léttra bifhjóla,
torfærutækja og vélsleða.**

Enginn má stjórna dráttarvél, nema hann hafi gilt ökuskráirteini til þess eða til að mega stjórna bifreið. Ökuskráirteini til að mega stjórna dráttarvél má ekki veita þeim, sem er yngri en 16 ára. Eigi þarf ökuskráirteini til að stjórna dráttarvél við landbúnaðarstörf utan alfaravegar, enda sé ökumaður fullra 14 ára.

Enginn má stjórna vinnuvél, nema hann hafi gilt ökuskráirteini til að mega stjórna bifreið. Eigi þarf ökuskráirteini til að stjórna vinnuvél utan vegar, enda sé ökumaður fullra 17 ára.

Enginn má stjórna léttru bifhjóli, nema hann hafi gilt ökuskráirteini til þess eða til að mega stjórna bifhjóli. Ökuskráirteini til að mega stjórna léttru bifhjóli má eigi veita þeim, sem er yngri en 16 ára.

Enginn má stjórna vélsleða eða torfærutæki nema hann sé fullra 16 ára og hafi gilt ökuskráirteini til þess eða ökuskráirteini til að mega stjórna öðru vélknúnu ökutæki.

Ákvæði 48. gr., 3.–5. mgr. 51. gr., 52. og 53. gr. gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, um ökuskráirteini samkvæmt grein þessari. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um æfingakstur sem skilyrði fyrir útgáfu þeirra.

63. gr. hljóðar svo:

Áður en bifreið, bifhjól, torfærutæki, vélsleði eða dráttarvél er tekin í notkun skal ökutækið skráð og skráningarkerki sett á það. Sama á við um eftirvagn, sem er 500 kg að eigin þyngd eða meira, svo og hjólhýsi og tjaldvagn. Dómsmálaráðherra getur fyrirskipað skráningu annarra tengitækja og vinnuvéla.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að eigi þurfi að skrá ökutæki, sem nær eingöngu er notað utan opinberra vega. Skal þá kveða á um það svæði þar sem nota má ökutækið. Einnig má kveða nánar á um gerð, búnað og notkun ökutækisins.

113. gr. hljóðar svo:

Dómsmálaráðherra skipar Umferðarráð til þriggja ára í senn, og skal hlutverk þess vera:

- a. að beita sér fyrir bættum umferðarháttum,
- b. að beita sér fyrir því að haldið sé uppi umferðarfræðslu,
- c. að vera fræðslufyrirvöldum, umferðarnefndum sveitarfélaga og samtökum, er vinna að bættri umferðarmenningu, til hjálpar og ráðuneytis, eftir því sem óskað er og aðstæður leyfa,
- d. að standa fyrir útgáfu fræðslurita og bæklinga um umferðarmál og hafa milligöngu um útvegum kennslutækja og annarra gagna til nota við fræðslustarfsemi,
- e. að hafa milligöngu um umferðarfræðslu í ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) og öðrum fjölmiðlum,
- f. að sjá um, að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu með samræmdri slysaskráningu lögreglu, slysadeilda, sjúkrahúsa og tryggingafélaga sem nái yfir landið allt,
- g. að beita sér fyrir könnunum á umferðarháttum og öðru, er umferð varðar,
- h. að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál,
- i. að fylgjast með þróun umferðarmála erlendis og hagnýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á því sviði, og
- j. að leitast við að sameina sem flesta aðila til samstilltra og samræmdra átaka í umferðarslysavörnum og bættri umferðarmenningu.

Umferðarráði ber að hafa samvinnu við þá aðila, félög, samtök og stofnanir, sem fjalla um umferðarmál í landinu og láta sig umferðaröryggi varða.

Umferðarráði ber árlega að efna til opinnar ráðstefnu um umferðaröryggismál.

115. gr. hljóðar svo:

Innan Umferðarráðs skal starfa fimm manna framkvæmdanefnd, skipuð formanni ráðsins og varaformanni, svo og þremur ráðsmönnum, sem Umferðarráð velur til eins árs í senn.

Framkvæmdanefnd fer með yfirstjórn á starfsemi Umferðarráðs milli funda ráðsins og í samræmi við ákvarðanir þess.

Dómsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarráðs, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar. Skipunin má vera tímabundin. Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn á starfsemi ráðsins og ræður starfsfólk í samráði við framkvæmdanefnd.

Framkvæmdanefnd og framkvæmdastjóri skulu vinna að gagnasöfnun, tillögugerð og öðrum undirbúningi mála, sem Umferðarráð fjallar um, og gefa ráðinu skýrslu um starfsemi þess á milli funda.

Dómsmálaráðherra getur skipað sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa skipaða fimm mönnum með sérfræði- og tækniþekkingu sem varðar slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðaeftirlit, löggæslu og tryggingamál. Umferðarráð skal hafa eftirlit með störfum nefndarinnar.